

Samkomulag

Framsýnar- stéttarfélag og Fjallalamb hf. gera með sér svohljóðandi samkomulag:

1. Gildistími samningsins er frá 1. júní 2011 til 31. janúar 2014. Á gildistímanum skulu laun og aðrar álagsgreiðslur hækka með sambærilegum hætti og kveðið er á um í kjarasamningi Framsýnar og Samtaka atvinnulífsins.

Almennir starfsmenn við kjötvinnslu skulu taka laun eins og fram kemur í meðfylgjandi launatöflu. Þá skulu þeir sem lokið hafa viðurkenndu námskeiði fá námskeiðsálag kr. 3.539,- á mánuði m.v. fullt starf og hlutfallslega m.v. starfshlutfall. Heimilt er með samkomulagi viðkomandi starfsmanns og Fjallalambs að hafa námskeiðsálagið inn í föstum mánaðarlaunum enda sé þess getið í ráðningarsamningi.

Námskeiðsálag 1. júní 2011	kr. 3.539,-
Námskeiðsálag 1. febrúar 2012	kr. 3.663,-
Námskeiðsálag 1. febrúar 2013	kr. 3.782,-

2. Stoðrymið skal alla jöfnu þrifið á dagvinnutíma. Komi til þess að þrifa þurfi það utan hefðbundins dagvinnutíma skal greiða fyrir það sérstaklega.

Greiða skal 20 tíma á viku fyrir þrif í vinnslusal á neðri hæð sem skiptist þannig: 4 tímar eru greiddir fyrir hvern virkan dag. Miðað er við að einn starfsmaður vinni verkið.

Greiða skal 6 tíma á viku fyrir þrif á efri hæð sem skiptist þannig: 1 tíma á dag nema 2 tíma á föstudögum. Miðað er við að einn starfsmaður vinni verkið.

Heimilt er að viðhafa þrif á dagvinnutíma enda verði því viðkomið vegna starfseminnar.

Greiðsla fyrir þrif skal vera eftirfarandi:

	1.júní 2011	1.feb. 2012	1.feb.2012
Stoðrymi	kr. 1.311,-	1.356,-	1.401,-
Vinnslusalir	kr. 1.544,-	1.598,-	1.650,-

3. Starfsmenn sem leysa af sinn næsta yfirmann og eru ekki sérstaklega ráðnir sem verkstjórar eða flokkstjórar í meira en tvo heila vinnudaga, skulu fá sérstaka þóknun fyrir það samkvæmt frekara samkomulagi milli fyrirtækisins og viðkomandi starfsmanna.
4. Aðilar eru sammála um að vinnutími og neysluhlé verði áfram með þeim hætti eins og verið hefur. Kaffitími fyrir hádegi verður áfram 23 mínútur. Kaffitíma eftir hádegi er sleppt en reiknast inn í vinnutíma starfsmanna. Pásur verði 7 mínútur fyrir hádegi og 7 mínútur eftir hádegi.

5. Starfsmönnum ber að nota stimpilklukku við upphaf og lok vinnu. Starfsmönnum ber að stimpla sig út í öllum tilfellum ef farið er út úr húsi. Bregðist það skulu þeir láta verkstjóra/skrifstofu vita svo fljótt sem verða má.
6. Starfsmaður skal skila læknisvottorði í veikindum sé þess óskað. Fjallalamb skal greiða fyrir vottorðið enda hafi fyrirtækið beðið um það.
7. Starfsmenn sem ráðnir eru til starfa í kjötvinnslu og unnið hafa við sauðfjárslátrun í fyrirtækinu skulu fá þann starfstíma metinn í starfsreynslu. Í því sambandi eru taldir mánuðir í starfi ekki fjöldi sláturtíða. Dæmi: Fimm sláturtíðir þýða ekki fimm ára starfsaldur heldur fjölda mánaða í starfi hjá Fjallalambi.
8. Starfsmenn í kjötvinnslu sem færðir eru til í starfi í sláturtíð skulu fá þann bónus sem er í gildi á hverjum tíma við sauðfjárslátrun. Aðrir starfsmenn sem ekki flytjast í störf í sláturhúsinu skulu halda sínum kjörum.
9. Um vinnu- og hlífðarfatnað vísast í gildandi kjarasamninga, þó skulu starfsmenn eiga rétt á að fá klossa og/eða stígvél til afnota við störf í kjötvinnslu.
10. Fastráðnir starfsmenn sem fluttir eru tímabundið úr kjötvinnslu í sláturhús, meðan á sláturtíð stendur, skulu ekki skerðast í launum.
11. Um önnur atriði, en hér eru sérstaklega fram tekin, gildir hinn almenni kjarasamningur Framsýnar- stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins eins og hann er á hverjum tíma.

Kópasker 11. júlí 2011

Með venjulegum fyrirvara

Fh. Fjallalamb hf.

Fh. Framsýnar- stéttarfélags

Bókun

Samningsaðilar skipi þegar í stað tvo menn hvor í nefnd sem hafi það hlutverk að skipuleggja og hrinda úr vör námskeiðum í þágu starfsmanna og Fjallalamb. Nefndin skal leita eftir samstarfi við fræðsluaðila/stéttarféлага um innihald, fjármögnun og skipulagningu námskeiðanna.

Launatafla fyrir starfsmenn í kjötvinnslu Fjallalamb

Launaflokkur 2:

*FL2: Almennir starfsmenn
í kjötvinnslu*

Tímakaup	1.júní 2011	1.feb. 2012	1.feb. 2013
Byrjunarlaun	1.025,87	1.089,33	1.152,80
eftir 1 ár	1.076,06	1.139,52	1.202,98
eftir 2 ár	1.089,06	1.152,52	1.215,98
eftir 3 ár	1.102,05	1.165,52	1.228,98
eftir 5 ár	1.146,05	1.209,51	1.272,97
eftir 7 ár	1.154,04	1.217,51	1.280,97

Launaflokkur 2:

*FL2: Almennir starfsmenn
í kjötvinnslu*

Yfirvinna	1.júní 2011	1.feb. 2012	1.feb. 2013
Byrjunarlaun	1.846,57	1.960,80	2.075,03
eftir 1 ár	1.936,90	2.051,14	2.165,37
eftir 2 ár	1.960,30	2.074,53	2.188,77
eftir 3 ár	1.983,70	2.097,93	2.212,16
eftir 5 ár	2.062,88	2.177,12	2.291,35
eftir 7 ár	2.077,28	2.191,51	2.305,75

Launaflokkur 2:

*FL2: Almennir starfsmenn
í kjötvinnslu*

Mánaðar- laun	1.júní 2011	1.feb. 2012	1.feb. 2013
Byrjunarlaun	177.814	188.814	199.814
eftir 1 ár	186.513	197.513	208.513
eftir 2 ár	188.766	199.766	210.766
eftir 3 ár	191.019	202.019	213.019
eftir 5 ár	198.644	209.644	220.644
eftir 7 ár	200.031	211.031	222.031